

## **Hjúkrunarheimilið Kumbaravogur Stokkseyri**

Niðurstöður úttektar á starfsemi  
hjúkrunarheimilisins í september 2012

Október 2012

## Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

## Aðferðir

Í september 2012 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi á Stokkseyri. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur í Kumbaravog og bárust svör við þeim spurningum í ágúst síðastliðnum.

Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu; ein kvörtun barst frá íbúa á heimilinu vegna tóbaksreyks, sem leggur frá reykerbergi sem staðsett er við matsal, og veldur íbúum óþægindum. Þá barst ábending frá starfsmanni á heimilinu vegna lélegrar mönnunar fagfólks.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfr./verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfr./verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 4. september 2012. Fundað var með með Guðna Kristjánssyni framkvæmdastjóra, Margræti B. Ólafsdóttur hjúkrunarforstjóra og Thelmu Dröfn Ásmundsdóttur hjúkrunarfræðingi og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni og húsnæði skoðað.

## Meginniðurstöður

### Notendamiðuð þjónusta – hugmyndafræði og stefna

Skrifleg hugmyndafræði hjúkrunar á Kumbaravogi liggur ekki fyrir. Að sögn hjúkrunarforstjóra eru markmið hjúkrunar á heimilinu að veita sem bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu þjónustu sem völ er á á hverjum tíma. Áhersla er lögð á að sýna íbúum, venjum þeirra og síðum virðingu og jafnframt er leitast við að hafa góð samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að hjúkrunarfræðingum og öðrum starfsmönnum heimilisins. Við komu á heimilið fá nýir íbúar og/eða aðstandendur afhent útprentað blað þar sem fram koma helstu þættir er varða starfsemi og þjónustu heimilisins. Eftir komu á heimilið er haldinn fundur með viðkomandi íbúa, nánustu aðstandendum, hjúkrunarfræðingi og lækni.

### Þjónustupættir

#### Hjúkrun og umönnun

Íbúum á Kumbaravogi er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt, ýmist með staðinni vakt eða bakvakt. Við komu íbúa á heimilið fer fram upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi. Íbúar á Kumbaravogi hafa að sögn hjúkrunarforstjóra ákveðinn tengilið, sjúkraliða, en ekki eru fyrir hendi verklagsreglur fyrir þá sem eru tengiliðir. Aðstandendum er ávallt tilkynnt um meiriháttar breytingar á heilsufari íbúa. Við hjúkrun íbúa sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við leiðbeiningar um líknandi meðferð frá Landspítalanum.

#### Læknisþjónusta

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi er læknir Kumbaravogs og fylgist hann reglulega með heilsufari íbúa heimilisins. Ekki er alltaf gerð sérstök læknisskoðun við komu þar sem læknirinn þekkir ástand margra íbúa. Meðferð á heimilinu er ákveðin af lækni í samráði við íbúa og/eða aðstandendur. Starfsfólk heimilisins sér um að panta tíma hjá tannlækni fyrir íbúa og að koma þeim þangað og læknir heimilisins ávísar tilvísunum til sérfræðinga eftir þörfum hverju sinni.

### Þjálfun, virkni og sálgæsla

Á Kumbaravogi er aðstaða fyrir sjúkraþjálfun með helstu tækjum og æfingabekk og sjúkraþjálfari starfar við heimilið. Að sögn hjúkrunarforstjóra skipuleggur sjúkraþjálfari þjálfun í samráði við lækni heimilisins og íbúum er boðið er upp á leikfimi einu sinni í viku. Ekki er starfandi iðjuþjálfari við heimilið.

Sjúkraliði sem starfar við heimilið heldur utan um félags- og tómstundastarf og að sögn hjúkrunarforstjóra stendur til að endurskipuleggja það og efla. Sóknarprestur sér um helgihald á tveggja vikna fresti og sinnir sálgæslu ef þess er óskað, einnig kemur djákni reglulega og ræðir við íbúa.

### Fæði/mötuneyti

Á Kumbaravogi starfar matráður sem er menntaður matsveinn og sér hann ásamt aðstoðarmönnum um matseld og samsetningu matseðla. Fæðið tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis og þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sér fæði og sjúkrasér fæði. Aðstandendur geta borðað með íbúum ef þeir óska þess en að sögn hjúkrunarforstjóra er það ekki algengt. Matseðlar liggja ekki frammi.

### Önnur þjónusta

Íbúar á Kumbaravogi hafa aðgang að hársnyrtingu og fótsnyrtingu gegn greiðslu og kemur fagfólk heimilið til að veita þessa þjónustu. Allur þvottur er þveginn á heimilinu.

### **Húsnæði og aðbúnaður**

Húsnæði íbúa á Kumbaravogi er á einni hæð í nokkrum misgömlum sambyggðum húsum. Ekki er augljóst hvar aðalinngangur heimilisins er, engar merkingar sjáanlegar en að sögn framkvæmdastjóra er aðalinngangur sunnan megin við húsið og er þá gengið beint inn í garðstofu og þaðan inn í matsal íbúa.

Elsti hluti húsnæðisins ber þess merki að hafa ekki verið haldið við, bæði húsgögn og innréttingar úr sér gengið og alls ekki ásættanlegt fyrir fólk sem þarf á dvalar- eða hjúkrunarheimilisþjónustu að halda. Nýrri hluti hússins lítur heldur betur út en

uppfyllir þó engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila í dag, hvorki vistarverur íbúa né sameiginleg rými.

Samkvæmt upplýsingum frá hjúkrunarforstjóra eru 35 íbúar í hjúkrunarrýmum á Kumbaravogi, 17 í einstaklingsherbergjum, 14 í tvíbýlum og 4 íbúar dvelja saman í einu herbergi. Herbergi eru misstór og því hafa íbúar ekki allir sömu tækifæri til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og taka á móti gestum. Ástæða er til að gera sérstaklega athugasemdir við fjórbylí heimilisins, herbergi þar sem búa 4 konur saman og hafa lítið annað en rúmstokkinn til að sitja á.

Aðstaða utanhúss er óhentug, ekki afgirtur garður og svæðið í kringum húsið ekki upplýst þegar skyggja fer.

Gerðar hafa verið athugasemdir af hálfu Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits varðandi ýmsa þætti, svo sem húsakost, þrif og brunahólfun. Ekki hefur verið unnið að endurbótum hvað varðar húsakost og brunahólfun. Að sögn framkvæmdastjóra hefur vegna fjárskorts ekkert viðhald verið á húsnæði eða annarri aðstöðu síðastliðin 2 ár og ekki áformaðar neinar framkvæmdir á næstunni.

## **Mannauðsmál**

### Mönnun

Ekki hefur verið unnt að styðjast við viðurkennda staðla/viðmið í tengslum við mönnun heimilisins. Að sögn framkvæmdastjórnar er mönnun haldið í algjöru lágmarki af fjárhagslegum ástæðum.

Núna eru starfandi þrír hjúkrunarfræðingar við heimilið í 2,4 stöðugildum, átta sjúkraliðar í 6,7 stöðugildum, annað starfsfólk við umönnun er ófaglært. Alla virka daga er hjúkrunarfræðingur ásamt öðrum starfsmönnum á morgunvakt. Á kvöldin, um helgar og á nóttunni er hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

### Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Kumbaravogi þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning.

Nýir starfsmenn fá upplýsingar og leiðsögn hjá reyndum starfsmanni og aðlögunarvaktir með hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða ef um umönnunarstarf er að ræða. Heildarstarfsmannavelta Kumbaravogs árið 2011 var <10% og heildartíðni veikinda starfsmanna var 5- 6%. Tæplega 15% stöðugilda eru mönnuð starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið og gerð er krafa um að þeir sem vinna við umönnun íbúa tali og skilji íslensku.

Starfsfólki heimilisins er boðið upp á influensubólusetningu og það hvatt til að láta bólusetja sig.

### **Gæðamál og ýmsir faglegir þættir**

Hjúkrunarforstjóri Kumbaravogs ber ábyrgð á RAI skráningu sem og annarri hjúkrunarskráningu en ekki er fylgst reglulega með niðurstöðum úr RAI mati. Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál eða umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir og heildstæð gæðahandbók er ekki fyrir hendi. Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar varðandi lyf og lyfjagjafir eru í möppu sem Lyfja hefur útbúið. Þá eru til verklýsingar um það hvað starfsfólk á hverri vakt á að gera. Aðrar skriflegar leiðbeiningar, svo sem varðandi sýkingar og sýkingavarnir, t.d. handþvott eru ekki til á skriflegu formi en að sögn hjúkrunarforstjóra er reglulega farið yfir þessi mál á deildarfundum. Ekki er vitað til að neinar sýkingar hafi komið upp á heimilinu síðustu árin.

### **Lyfjamál**

Hjúkrunarfræðingar eru ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og taka til lyf fyrir einn sólarhring í senn fyrir hvern og einn íbúa og sjá þeir ásamt sjúkraliðum um að gefa lyfin. Lyfjaskápar eru læstir og eru hjúkrunarfræðingar einir með aðgang að þeim. Eins og áður segir eru til skriflegar reglur varðandi lyfjagjafir. Lyfjagjafir eru skráðar á þar til

gerð lyfjablöð sem geymd eru í möppu. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjaþjónusta er ekki útvistuð með leyfi frá Lyfjastofnun en lyfjafræðingur frá Lyfju á Selfossi kemur reglulega og fer yfir öll lyf og skráningu.

## **Skráning**

Í úttekt Embættis landlæknis voru sjúkra- og hjúkrunarskrár valdar af handahófi af hjúkrunardeild heimilisins og þær skoðaðar. Skráning er alfarið á rafrænu formi í Sögu sjúkraskrárkerfinu, bæði læknisfræðileg skráning og hjúkrunarskráning og er kerfið tengt við Sögukerfið á HSu. Sjúkraskrá er aðgangsstýrð og ábyrgðaraðilar eru læknir, hjúkrunarforstjóri og hjúkrunarfræðingar á heimilinu. Hver íbúi á auk þess sína möppu sem inniheldur meðal annars upplýsingar við komu, hjúkrunar- og læknabréf, niðurstöður rannsókna og dagnótur. Ekki eru fyrir hendi útprentaðar upplýsingar eða leiðbeiningar um hjúkrun/umönnun fyrir hvern og einn íbúa sem þó væri æskilegt þar sem hjúkrunarfræðingar hafa einir aðgang að upplýsingum í tölvu.

## **Atvik/kvartanir**

Atvikaskráning er á ábyrgð hjúkrunarfræðinga og reglulega er farið yfir þessi mál á starfsmannafundum og starfsfólki leiðbeint með hvernig bregðast eigi við atvikum ef þau koma upp. Atvik, svo sem byltur eru skráðar á þar til gerð atvikaskráningarblöð. Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla um hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta.

## **Öryggismál**

Ekki er til rýmingaráætlun fyrir heimilið. Að sögn framkvæmdastjóra er brunavarnakerfi í húsinu en eins og áður hefur komið fram eru hvorki skilgreind brunahólf eða eldvarnarhurðir og ekki hafa verið haldnar reglulegar brunaæfingar.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa og til eru eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

## RAI mat

Hjúkrunarforstjóri á Kumbaravogi ber ábyrgð á skráningu RAI mats. Niðurstöður úr RAI mati eru að sögn hjúkrunarforstjóra ekki skoðaðar markvisst. RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar Kumbaravogs eru skoðaðir fyrir síðastliðið ár kemur í ljós að tíðni nokkurra gæðavísa eru á mörkum eða yfir efri mörkum íslensku viðmiðunarmarkana, svo sem algengi hegðunarvandamála, þunglyndiseinkenna, þvagfærasýkinga, rúmfastra íbúa, algengi lítillar eða engrar virkni.

Gæðavísar eru vísbendingar um hvernig meðferð og umönnun er á hjúkrunarheimilum og því þarf ávallt að skoða hvert viðfangsefni nánar og ástæður fyrir því að tiltekin vísbending kemur fram.

Há tíðni hegðunarvandamála og þunglyndiseinkenna kann að skýrast af því að íbúasamsetning á Kumbaravogi er töluvert öðruvísi en á öðrum hjúkrunarheimilum. Tæplega helmingur íbúa er yngri en 75 ára og hafa sumir þeirra dvalið á Kumbaravogi í mörg ár. Þetta eru í mörgum tilfellum einstaklingar sem eiga við langvinn geðræn og/eða félagsleg vandamál að stríða og þyrftu því á sértækri meðferð að halda sem ekki er fyrir hendi á Kumbaravogi.

Í ljósi niðurstaðna RAI mats á Kumbaravogi fyrir nokkur matstímabil er ljóst að taka þarf niðurstöður til athugunar og vinna að úrbótum í kjölfarið.



## Samantekt og tilmæli um úrbætur

### Mönnun

Mönnun fagfólks við hjúkrun/umönnun á Kumbaravogi er á mörkum þess að vera ásættanleg sérstaklega í ljósi þess hversu margir íbúar þurfa á sértækum meðferðarúrræðum að halda en Embætti landlæknis telur að fullnægjandi hjúkrun á hjúkrunarheimili verði fyrst og fremst tryggð með víðeigandi mönnun.

### Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið er í lagi.

### Þjálfun/virkni og sálgæsla

Samkvæmt niðurstöðum úr RAI mati þarf að gera átak í að auka virkni og félagsstarf á heimilinu.

### Fæði og mötuneyti

Í lagi.

### Öryggi og eftirlit

Töluvert vantar á að öryggismálum á heimilinu sé fullnægt. Ekki er til rýmingaráætlun fyrir heimilið, hvorki eru skilgreind brunahólf eða eldvarnarhurðir og ekki hafa verið haldnar reglulegar brunaæfingar. Embætti landlæknis telur brýnt að unnið sé að úrbótum hvað þetta varðar.

### Gæðastarf

Þó nokkrir gæðavísar úr RAI mati eru á mörkum eða yfir efri viðmiðunarmörkum og leggur Embætti landlæknis áherslu á að þessar vísbendingar verði skoðaðar og umbótastarf unnið í kjölfarið.

### Atvik/kvartanir

Atvikaskráning í góðu lagi.

### Sjúkraskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

### Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning í góðu lagi, mætti þó prenta út meðferðaráætlun og hafa í möppu íbúa til leiðsagnar fyrir starfsfólk.

### RAI skráning

Niðurstöður, svo sem gæðavísar, ekki skoðaðar markvisst og hvetur Embætti landlæknis til þess að gert verði átak í því að rýna niðurstöður.

### Lyfjamál

Í góðu lagi. Almennar verklagsreglur varðandi lyfjatiltekt og lyfjagjafir eru til staðar.

### Almennt um húsnæði og aðstöðu

Það er mat Embættis landlæknis að Kumbaravogur sé allsendis ófullnægjandi húsnæði fyrir hjúkrunarheimili og þung áhersla er lögð á að sem allra fyrst verði leitað leiða til að leysa þann vanda.

### Almennt um hjúkrunarheimilið Kumbaravog

Fram kom í úttektinni að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna á Kumbaravogi þrátt fyrir erfið starfsskilyrði. Að öðru leyti vísast í það sem segir hér að ofan um gæðamál, aðbúnað og öryggi íbúa.

Embætti landlæknis þakkar fyrir veitta samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.